

Ánægja lungnaskurðsjúklinga með umönnun og þjónustu – Þversniðsrannsókn

Brynja Ingadóttir^{1,2} Lilja Ásgeirsdóttir^{2,3} Sigríður Zoëga^{1,2}

¹Háskóli Íslands ²Landspítali ³Hrafnista

Bakgrunnur

Ánægja sjúklinga með umönnun og þjónustu er mikilvægur mælikvarði á gæði heilbrigðisþjónustu. Ánægja tengist m.a. hæfni starfsfólks, samskiptum, hversu mikið það er til taks þegar á þarf að halda, fræðslu, biðtíma og hreinlæti.

Tilgangur

Að kanna ánægju lungnaskurðsjúklinga með veitta umönnun og þjónustu meðan á sjúkrahúsdvöl stóð.

Aðferð

Sjúklingar, greindir með skurðtækt lungnakrabbamein, svöruðu spurningalistanum EORTC IN-PATSAT32 1 mánuði eftir aðgerð á Landspítala: 32 atriði sem skiptast í fjóra undirskala.

Heildarmat á umönnun
M 4,6 (sf 0,7)

Ályktanir

Ánægja lungnaskurðsjúklinga með umönnun var í heildina mikil og þá sérstaklega er varðar hæfni hjúkrunarfræðinga og lækna en bæta má sjúklingafræðslu, aðgengi og umhverfi sjúklinga á Landspítala

Niðurstöður

Þáttakendur voru N=94, 62% konur, meðalaldur 69 ár (sf 8,1).

Mynd 1 Ánægja sjúklinga með umönnun og þjónustu

Ánægja með:	M	sf
umönnun hjúkrunarfræðinga	4,3	0,7
umönnun lækna	4,1	0,7
fræðslu	4,1	0,8
þjónustu og skipulag	3,5	0,8
Mest ánægja með:		
mannlegt viðmót hjúkrunarfræðinga	4,5	0,7
hvernig þeir framkvæmdu líkamlega skoðun	4,5	0,6
hvernig þeir fóru að við umönnun	4,5	0,6
Minnst ánægja með:		
umhverfi sjúkrahússins	3,7	0,9
hversu auðvelt er að finna deildir	3,4	1
aðgengi að sjúkrahúsinu	2,9	1,3

Svarkostir 1-5, hærra skor = meiri ánægja